

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslenska sem annað mál

„Bréfið helga“

**Pýðing á ítölsku á hluta úr *Svari við bréfi Helgu*
eftir Bergsvein Birgisson ásamt greinargerð**

Ritgerð til B.A.-prófs í íslensku sem öðru máli

Arlene Lucianaz

Kt.: 231290-3469

Leiðbeinandi: Þóra Björk Hjartardóttir

Apríl 2018

Ágrip

Þessi ritgerð er lokaritgerð til B.A.-prófs í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands. Ritgerðin er þýðing úr íslensku yfir á ítölsku á fyrstu þremur köflum skáldsögunnar *Svars við bréfi Helgu* eftir Bergsvein Birgisson og greinargerð með þýðingunni. Ritgerðin skiptist í tvennt, fyrri og seinni hluta. Fyrri hlutinn skiptist í þrjú kafla. Í fyrsta kafla er sagt frá höfundinum Bergsveini Birgissyni, skáldsögunni og rökstuðningunum fyrir efnisvalinu. Í öðrum kafla er fræðileg umfjöllun um þýðingarhugtök Schleiermacher og Nida og um þýðingaraðferðir sem voru notaðar í þýðingunni á *Svari við bréfi Helgu*. Í þriðja kafla er gerð greining á þýðingunni, þar sem nokkur dæmi um þýðingarvandamál og lausnir eru talin upp, eins og meðferð nafna og menningartengd orð og tilvísanir. Seinni hluti ritgerðarinnar er þýðingin sjálf.

Svar við bréfi Helgu er skáldsaga í formi langs bréfs sem 90 ára gamall bóndi, Bjarni Gíslason á Kolkustöðum, skrifar í andarslitrunum til ástkonunnar sinnar, Helgu. Sagan gerist á Íslandi í kringum síðari heimsstyrjöld. Stíll verksins er mjög ljóðrænn: höfundurinn leggur áherslu á lýsingar á tilfinningum og náttúrunni, sem skarast oft. Hann notar líka gamalt orðafar og mörg frumleg samsett orð sem hljóma oft framandi en gera þessa bók einstaka. Að þýða hluta úr þessari bók var þar af leiðandi mikil áskorun en það var fyrst og fremst gefandi upplifun sem kenndi nemandanum mikið um þýðingar og þýðingarferli.

Efnisyfirlit

Ágrip	2
Efnisyfirlit	3
Inngangur	4
1. kafli - Höfundur og verk	5
1.1 Um höfundinn	5
1.2 Um verkið	6
1.3 Rökstuðningur fyrir efnisvali	8
2. kafli - Þýðingarhugtök og aðferðir	8
2.1 Kenningar Friedrich Schleiermacher	9
2.2 Eugene Nida og jafngildi	9
2.3 Val á þýðingaraðferðum	10
3. kafli - Þýðingarvandamál og lausnir	11
3.1 Bókarheiti	12
3.2 Ávarp	12
3.3 Meðferð nafna	12
3.4 Orðatiltæki	14
3.5 Menningartengd orð og tilvísanir	15
3.5.1 Tilvísanir í bókmenntir	15
3.5.2 Séríslensk orð	17
3.5.3 Orðaforði um fé og sveitalíf	18
3.6 Viðtengingarháttur	21
Lokaorð	23
Heimildaskrá	24
Ítölsk þýðing	26

Inngangur

„Manneskjuna getur dreynt stóra drauma á litlum kodda“¹ segir Bergsveinn Birgisson í *Svari við bréfi Helgu*. Mig hefur dreynt að verða þýðandi í mörg ár en hingað til hef ég aðeins þýtt nytjatexta úr frönsku, norsku og ensku yfir á ítölsku, sem er mitt móðurmál. En mig hefur alltaf langað að þýða bókmenntatexta því ég hef alltaf verið bókaormur. Þess vegna hikaði ég ekki þegar ég þurfti að ákveða um hvað ég ætlaði að skrifa lokaritgerðina mína: ég ætlaði að þýða skáldsögu. Fátt vissi ég um hversu krefjandi þýðingarferlið myndi vera en ég iðrast þess ekki: það var þess virði, eins og þið munuð - vonandi - sjá.

Viðfangsefni þessarar ritgerð er þýðing úr íslensku yfir á ítölsku á fyrstu þremur köflum skáldsögunnar *Svars við bréfi Helgu* eftir Bergsvein Birgisson og greinargerð með þýðingunni. Ritgerðin skiptist í tvennt, fyrri og seinni hluta. Fyrri hlutinn skiptist í þrjú kafla. Í fyrsta kafla er sagt frá höfundinum Bergsveini Birgissyni, skáldsögunni og rökstuðningunum fyrir efnisvalinu. Í öðrum kafla er fræðileg umfjöllun um þýðingarhugtök Schleiermacher og Nida og um þýðingaraðferðir sem voru notaðar í þýðingunni á *Svari við bréfi Helgu*. Í þriðja kafla er gerð greining á þýðingunni, þar sem nokkur dæmi um þýðingarvandamál og lausnir eru talin upp. Seinni hluti ritgerðarinnar er þýðingin sjálf.

¹ Bergsveinn Birgisson 2011:81

1. kafli - Höfundur og verk

Í þessum kafla verður sagt ýmislegt frá höfundi skáldsögunnar *Svars við bréfi Helgu*, Bergsveini Birgissyni, ævi og verkum hans og frá skáldsögunni sjálfri. Einnig verður gerð grein fyrir efnisvalinu.

1.1 Um höfundinn²

Bergsveinn Birgisson fæddist í Reykjavík árið 1971. Hann ólst upp í Kópavogi og bjó síðar í Garðabæ. Á sumrin dvaldi hann hjá afa og ömmu sínum á litlum sveitabæ á Ströndum þar sem hann upplifði strax að það eru tveir ólíkir menningarheimar á Íslandi, einn í Reykjavík og nágrenni, og einn á landsbyggðinni. Bergsveinn kallar ömmu sína og afa „síðustu landnemakynslóðina“ því þau lifðu dálítið eins og landnemar: afi byggði bæinn sjálfur og ræktaði upp túnin. Þau höfðu kýr og um 50 kindur, og afi réri á skektunni sinni og skaffaði, amma vann úr aflanum. Bergsveinn réri sjálfur á trillu aleinn frá 16 ára að aldri, á Ströndum. Amma átti strokk og bjó til skyr, sem afi síðan seldi í næsta kaupstað, Hólmavík.

Bergsveinn lauk BA-prófi í íslensku og almennri bókmenntafræði frá Háskóla Íslands árið 1997. Hann vissi þá ekki hvað hann vildi gera og fór í heimsreisnu. Eftir það vissi hann að hann vildi læra meira um sína eigin menningu, ekki síst fornmenninguna. Hann fluttist til Noregs 1995 og hóf þar nám í norrænum fræðum og lauk doktorsprófi frá Háskólanum í Björgvin árið 2008. Hann hefur verið í Noregi meira og minna síðan, þ.e. næstum hálf lífið.

Bergsveinn gaf út ljóðabækurnar *Íslendingurinn* árið 1992 og *Innrás liljanna* árið 1997. Skáldsagan *Landslag er aldrei asnalegt* kom út 2003, síðan hefur Bergsveinn sent frá sér skáldsögunar *Handbók um hugarfar kúa – skáldfræðisaga* árið 2009 og *Svar við bréfi Helgu* 2010 og ljóðabókina *Drauganet* árið 2011. Árið 2013 gaf hann út *Den svarte vikingen* á norsku, árið 2015 *Geirmundar sögu heljarskinns* og 2016 *Leitina að svarta víkingnum*. Bergsveinn var tilnefndur til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir skáldsögunar *Landslag er aldrei asnalegt* og *Svar við bréfi Helgu* (2010), en sú síðarnefnda var einnig tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.³ Árið 2017

² Í febrúar 2018 tók ég viðtal við höfundinn í gegnum tölvupóst þar sem hann sagði mér mjög ítarlega frá ævi sinni og verkum. Ég notaði efni úr þessum tölvupósti við gerð þessa undirkafla.

³ *Bókmenntaborgin* 2018

var hann sæmdur konunglegri heiðursorðu af Haraldi Noregskonungi fyrir „framúrskarandi störf í þágu Noregs og mannkyns“. Hann var hann fyrsti íslenski rithöfundurinn sem hlotnast hefur þessi heiður.⁴

1.2 Um verkið⁵

Svar við bréfi Helgu er skáldsaga í formi langs bréfs sem 90 ára gamall bóndi, Bjarni Gíslason á Kolkustöðum, skrifar í andarslitrunum til ástkonunnar sinnar, Helgu. Sagan gerist á Íslandi í kringum síðari heimsstyrjöld. Bjarni og Helga, kona sem býr á næsta bæ, elska hvort annað en Bjarni er giftur Unni og Helga Hallgrími. Þegar Helga verður ólétt býður hún Bjarna að fylgja sér til Reykjavíkur, en hann tekur sveitina fram yfir ástina þar sem hann langar ekki að búa í borginni og vinna fyrir hermennina. Hann iðrast þessa vals allt lífið, þar sem honum tekst ekki að gleyma Helgu. Hann sér alltaf hana í náttúrunni og sérstaklega tvær þúfur, sem hann kallar Helgubúfurnar, minna hann á brjóst hennar. Hann reynir einnig að svipta sig lífi en misheppnast. Hann fær bréf frá Helgu þegar hún skilur við Hallgrím og flytur svo til Reykjavíkur, en hann svarar ekki. Hann ákveður að gera það þegar hann er að dauða kominn og Helga dáið fyrir löngu: bréf Helgu varð þar af leiðandi „bréfið helga sem maður svarar of seint“.⁶

Svar við bréfi Helgu er 101 blaðsíður og er skipt í 18 kafla. Stíll verksins er mjög ljóðrænn: höfundurinn leggur áherslu á lýsingar á tilfinningum og náttúrunni, sem skarast oft. Hann notar líka gamalt orðafar og mörg frumleg samsett orð sem hljóma oft framandi en sem gera þessa bók einstaka. Setningar eru stundum mjög stuttar, einnig án sagnar, og stundum afar langar, með mörgum aukasetningum, þannig að takturinn er frekar fjölbreyttur og lesturinn verður aldrei leiðinlegur.

Ferlið við að skrifa og gefa út bókina tók langan tíma. Bergsveinn skrifaði fyrst litla smásögu sem enn hefur ekki komið út. En svo varð hann forvitnari um Bjarna bónda og ákvað að kynnast honum betur, þar sem hann býr ekki til persónur sínar - sem hann telur vera dálítið eins og alvöru fólk - heldur reynir að kynnast þeim. Smásagan óx smám saman þar til hún varð þessi nóvella sem var tilbúin árið 2007. En það var ekki rétti tíminn: Íslendingar voru þá fangaðir í kaupæði og kapítalisma og kunnu ekki að meta gamlar hefðir og Bergsveinn taldi að bókinn hefði verið afgreidd sem gamaldags

⁴ *Morgunblaðið* 2017

⁵ Í febrúar 2018 tók ég viðtal við höfundinn í gegnum tölvupóst þar sem hann sagði mér mjög ítarlega frá ævi sinni og verkum. Ég notaði efni úr þessum tölvupósti við gerð þessa undirkafla.

⁶ Bergsveinn Birgisson 2011:101

„nostalgíuhjal“ ef hann hefði gefið hana út fyrir kreppu. Svo hann beið til ársins 2010, þar sem margt gott og óhugsandi fyrir kreppu gerðist: rímnakveðskapur tók við sér, menn gerðu jassplötur um íslensku sauðkindina, sungu vísur ömmu sinnar, og fjör hljóp í hefðbundið handverk svo sem þrjón á peysum.

Bergsveinn fékk innblástur að sögunni úr þeirri gömlu alþýðumenningu sem hann upplifði hjá ömmu sinni og afa, og öðru fólki á Ströndum, og þeirri frásagnarmenningu sem þar enn þá lifði. Hann bjó þá til sveit sem mikið til er blanda af norðanverðum Breiðafirði og suðurhluta Strandasýslu, því hann hefur mikið verið þar eins og áður sagði, og sem eru frá fornu fari sama menningarsvæðið. Örnefni eru sem oftast tilbúningur, eða blanda af örnefnum frá þessum svæðum. Bjarni er búinn til úr nokkrum bændum sem Bergsveinn telur sig hafa verið heppinn að kynna. Sumir þeirra eru mjög víðlesnir, aðrir ekki, en þeir eru allir góðir sögumenn.

Þótt Bergsveinn hafi verið dálítið í sveit sjálfur þekkti hann ekki sértækt orðafar tengt búskaparháttum og þurfti því að grafa í gömlum fjárbæklingum - varðandi til dæmis þuklun á sauðfé til að meta holdafar þess - til að kynna sér það. Bergsveini var í mun að rifja upp gamalt mál og nákvæm hugtök til að lýsa holdafari og honum finnst að þetta sé dálítið fagurfræði þessarar bókar sem hangi saman við listrænt inntak hennar. Hann heldur einnig því fram að með tæknivæðingunni deyi ekki bara handverksmenning heldur líka „kognítívar“ víddir í hugsun okkar, þ.e. andleg menning sé tengd við þá verklegu og mál tengt við menningu.

Eftir að Bergsveinn lauk við bókina lagði hann hana til hlíðar, eins og fyrr var nefnt, því hann taldi að útgefandinn sinn myndi ekki vilja gefa út svona „gamaldags“ bók. Hann hélt líka að hún myndi kannski ekki seljast vel og einna helst til gamals fólks, og þar afleiðandi myndi hún aldrei verða þýdd heldur. En í dag hefur *Svar við bréfi Helgu* komið út í fjölmörgum löndum og er væntanleg í fleiri löndum. Bókin hefur notið mestra vinsælda í Frakklandi, hún hefur selst nokkuð á annað hundruð þúsund eintök þar, en hún hefur líka gengið vel í Skandinavíu.

Árið 2012 varð til uppfærsla Borgarleikhússins á *Svari við bréfi Helgu* í leikgerð Ólafs Egils Egilssonar.⁷ Bergsveini fannst handritið takast mjög vel og var hann Ólafi innan handar hvað varðar samtöl og sumt í orðfærinu. Leiksýningin var mjög vinsæl, hún gekk í tvö leikár fyrir fullum sal og Bergsveinn heldur að fleiri hafi séð sýninguna en lesið bókina.

⁷ Sigurður G. Valgeirsson 2012

1.3 Rökstuðningur fyrir efnisvali

Ég hittí Bjarna Gíslason á Kolkustöðum í fyrsta skipti árið 2014. Ég bjó þá í Frakklandi og stundaði BA-nám í norrænum bókmenntum, menningu og tungumálum við Háskólann í Caen. Franska þýðingin á *Svari við bréfi Helgu* eftir Catherine Eyjólfsson hafði komið út árið 2013 og skáldsagan orðið mjög vinsæl í Frakklandi, og það átti einnig við meðal þeirra sem voru að læra norræn fræði með mér. Ég ákvað þá að lesa þessa litlu bók sem var í svo finni kápu í frönsku útgáfunni og ég varð strax hugfangin af stíl Bergsveins, höfundar sem ég þekkti ekki. Skáldverkið hafði ekki verið þýtt yfir á ítölsku enn þá og mig langaði að gera það sjálf af því að mér fannst að Ítalir ættu að lesa og elska þessa bók líka. En ég kunní ekki mikið í íslensku á þeim tíma. Ég sótt þá um styrk mennta- og menningarmálaráðuneytis til erlendra stúdenta til íslenskunáms við Háskóla Íslands, sem Árnastofnun úthlutar árlega, og ég fékk hann árið 2015: draumur minn um að fara til Íslands og þýða bókina hafði loksins ræst.

Í dag, þremur árum seinna, kann ég nóg íslensku til þess að reyna loksins að þýða *Svar við bréfi Helgu* yfir á ítölsku. Ég get því miður ekki gefið út bókina af því að útgáfurétturinn hefur verið keyptur á Ítalíu en mig langar samt að þýða nokkra kafla úr henni til þess að ljúka BA-námi mínu í Íslensku sem öðru máli með því að gera eitthvað sem ég hef ástríðu fyrir. Bókin er afar erfið og þetta er mikil áskorun, en þetta er líka stórt tækifæri til þess að sýna hversu mikið ég hef lært í þessi þrjú ár. *Svar við bréfi Helgu* er óður til sveitarinnar, sem mér finnst vera tákn Íslands. Þetta lokaverkefni er mín leið til að tjá ástina sem ég ber til þess lands sem hefur tekið mér opnum örmum.

2. kafli - Þýðingarhugtök og aðferðir

Samkvæmt *Íslenskri orðabók* merkir orðið *þýðing* ‘skýring’ ‘merking’ eða ‘útlekking, það að þýða úr einu máli á annað, snúa texta af einni tungu á aðra’.⁸ Þýðingar gegna stóru hlutverki í hversdagslífi okkar en oftast eru þýðendur ósýnilegir, við tökum ekki eftir því að við séum að lesa eitthvað sem hefur verið þýtt. Margir vísindamenn hafa rannsakað þýðingar og til er fræðigrein sem varpar kastljósi á þær sem kölluð er

⁸ *Íslensk orðabók* 2007:1231

Þýðingafræði („translation studies“ á ensku). Hér á eftir fylgir kynning á nokkrum mikilvægum hugtökum sem hafa skipt miklu máli í þýðingarferlinu mínu.

2.1 Kenningar Friedrich Schleiermacher

Þjóðverjinn Friedrich Schleiermacher (1768-1834), guðfræðingur, er talinn faðir túlkunarfræðinnar. Í ritgerðinni „Um mismunandi þýðingaraðferðir“, sem hann flutti fyrst sem fyrirlestur árið 1813, heldur hann því fram að „ekkert orð í tungumáli eigi sér nákvæma samsvörun í orðum annars tungumáls“.⁹

Samkvæmt honum eru tvær gerðir af þýðingum á milli tungumála: *túlkun*, sem felur í sér munnlegar og skriflegar þýðingar í viðskiptalífinu, og *hin eiginlega þýðing* sem er skrifleg og á við listir og vísindi.¹⁰ Hinn eiginlegi þýðandi þarf þá að velja á milli tveggja leiða. Fyrri aðferðin er *að færa lesandann til móts við höfundinn* þar sem hann reynir að bæta lesendunum skilninginn á frummálinu sem þá vantar með því til dæmis að varðveita í þýðingunni framandi fyrirbæri eða tilvísanir í frummenningu en útskýra það samt fyrir markhópinn: „Hefði höfundurinn kunnað þýðingarmálið jafn vel og þýðandinn frummálið, þá teldi hann sig ekki hafa viljað þýða verk sitt öðruvísi en þýðandinn gerði“.¹¹ Síðari aðferðin er *að færa höfundinn til móts við lesandann*, þar sem hann lætur höfundinn tala eins og hann kunnir málið í markmenningunni. Schleiermacher segir einnig að þessar tvær leiðir útiloki hvor aðra og ekki sé hægt að blanda þeim saman.

2.2 Eugene Nida og jafngildi

Hugtakið *jafngildi* er lykilhugtak í þýðingafræði sem þýðandinn ætti alltaf að hafa í huga í þýðingarferlinu. Það snýst um spurninguna um hvort þýðing segi það sama og frumtexti. Bandaríski biblíu- og þýðingafræðingurinn Eugene A. Nida (1914-2011) kom hugtakinu í notkun, einkum með verkinu sínu *Toward a Science of Translating* sem kom út árið 1964. Í bókinni *Tvímæli* lýsir Ástráður Eysteinnsson þessu hugtaki á eftirfarandi hátt:

Í „jafngildi“ felst að þýðandi reynir að veita þeim boðum sem hann sendir frá sér skírskotun sem samsvarar skírskotun upphaflegra boða; hann

⁹ Ástráður Eysteinnsson 1996:77

¹⁰ Ástráður Eysteinnsson 1996:76

¹¹ Ástráður Eysteinnsson 1996:77

kappkostar að láta þau gegna samsvarandi eða jafngildu *hlutverki* í „nýjum“ texta á öðru máli.¹²

Þar sem, samkvæmt Nida, tvö tungumál eru aldrei eins er ekki hægt að finna fullkomið jafngildi á milli tveggja tungumála og þar af leiðandi geta þýðingar ekki verið alveg nákvæmar.¹³ Til eru tvenns konar jafngildi: *formlegt jafngildi*, sem „beinir athygli að boðunum sjálfum, bæði formi þeirra og inntaki“ og þar sem megináhersla er „lögð á trúnað við frumtextann“¹⁴, og *áhrifajafngildi*, þar sem meginatriði er „viðleitni til að ná fram áhrifum á lesandann sem jafngilda þeim sem frumtextinn hefur á sína lesendur, þó að það kosti talsverða röskun á formi verksins“.¹⁵ Í formlegu jafngildi þarf þýðandinn að varðveita form og stíl frumtextans með því til dæmis að breyta ekki málfræðieiningum, eins og til dæmis setningagerð og greinarmerkjum, og aðlaga ekki orðaforða¹⁶, og þýðingin á markmálinu getur þar af leiðandi orðið óskiljanleg. Í áhrifajafngildi hins vegar þarf þýðandinn til dæmis að aðlaga orðaforða og finna samsvarandi hugtök í markmálinu, sem gerir markttextann skiljanlegri og eðlilegri fyrir lesendur.¹⁷

2.3 Val á þýðingaraðferðum

Eins og sérhver þýðandi þurfti ég að velja hvaða þýðingaraðferðir væri best að nota miðað við textategundina. *Svar við bréfi Helgu* er bókmenntatexti sem byggist á myndmáli, orðatiltækjum og gamaldags orðafari, þannig að ég þurfti að finna aðferðir sem pössuðu vel við slíkt verk.

Ekki hægt var til dæmis að þýða orð fyrir orð. Þegar ég byrjaði að þýða hafði ég mikið í huga hugtak Nida *formlegt jafngildi* og reyndi ég fyrst að þýða orðrétt því mig langaði að halda mig við form frumtextans. Svo tók ég eftir því að þýðing mín var frekar stíf og ekki nógu skýr fyrir markhópin (fullorðna Ítali sem hafa áhuga á bókmenntum). Þar sem menningarmunurinn er mikill ákvað ég þá að leggja áherslu á *áhrifajafngildi* og gleyma svolítið forminu. Markttextinn varð þar af leiðandi frjálfsari en örugglega skiljanlegri fyrir Ítali. Eins og áður sagði er stíll Bergsveins frekar sérstakur -

¹² Ástráður Eysteinnsson 1996:90

¹³ Nida 2012:126

¹⁴ Ástráður Eysteinnsson 1996:90

¹⁵ Ástráður Eysteinnsson 1996:91

¹⁶ Nida 2012:134

¹⁷ Nida 2012:136

ljóðrænn og gamaldags - og þess vegna reyndi ég að varðveita hann í þýðingunni og búa til trúan marktæxta sem er samt lipur og skýr á ítölsku.

Hægt er að segja þá að ég hafi reynt að *færa lesandann til móts við höfundinn*, samkvæmt kenningu Schleiermacher, þar sem ég hélt einkennum frumtextans, til þess að lesandinn væri meðvitaður um framandleiki textans, en bætti samt lesandanum skilninginn á frummálinu sem hann vantaði. Ég þýddi ekki til dæmis örnefni yfir á ítölsku en skeytti við stuttum lýsingum á eðli staðanna. Einnig bætti ég við neðanmálsgreinum til þess að útskýra íslensk fyrirbæri eða tilvísanir í íslenska menningu fyrir ítalska lesendur þar sem var ekki hægt að umorða í þýðingunni, eins og sýnt verður í 3. kafla.

Þar sem ég tala mjög góða frönsku og ég hef tvisvar lesið franska þýðingu bókarinnar eftir Catherine Eyjólfsson, og fundist vera mjög góð og trú frumtextanum, ákvað ég að hafa hana til hliðsjónar í þýðingarferlinu. Franska og ítalska eru rómönsk tungumál sem eiga mikið sameiginlegt þannig að það var mjög gagnlegt að nota frönsku þýðinguna þegar erfitt var að skilja íslenska textann eða ég var í vafa um hvaða orð ég ætti að velja. Það var líka áhugavert að bera saman val reynds þýðanda eins og Catherine við mitt val. Hún þýðir á miklu frjálsari hátt en ég og ákveður að útskýra alltaf erfið orð beint inni í textanum í staðinn fyrir að nota neðanmálsgreinar.

3. kafla - Þýðingarvandamál og lausnir

Hér á eftir verður gerð grein fyrir ýmsum vandamálum sem viðkoma þýðingunni og lausnum á þeim. Þýðingarvandamál varða bæði orðafar og málfræði. Í 3.1 verður fjallað um yfirfærslu bókarheitisins. Í 3.2 verður rætt um þýðingu á ávarpi. Í 3.3 verður sagt frá meðferð örnefna og eiginna. Í 3.4 er umfjöllun um aðferðir í þýðingu orðatiltækja. Í 3.5 verður fjallað um tilvísanir í bókmenntir og um menningartengd orð, sérstaklega um fé og sveitalíf. Að lokum verður stuttlega sagt frá þýðingu á viðtengingarhætti í kafla 3.6.

3.1 Bókarheiti

„Ekki dæma bókina af kápunni“ segir talshátturinn. Venjulega er ég sammála því en það er samt satt að bókarheiti skiptir oft miklu máli. Mér fannst þar af leiðandi mjög mikilvægt að finna rétta titilinn á bókinni. *Svar við bréfi Helgu* er kannski ekki sérstakt bókarheiti en það lýsir vel efni skáldsögunnar og lesandi byrjar lesturinn vitandi það að Bjarni hefur fengið bréf frá Helgu. Að þýða heiti verksins orð fyrir orð hljómaði mjög illa á ítölsku að mínu mati. Því ákvað ég að gera það einfaldara og nota heitið *Lettera ad Helga* (‘Bréf til Helgu’), þar sem lesandi skilur í öllu falli á meðan lestrinum stendur að þetta er ekki bara bréf heldur svar við bréfi. Það er kannski líka gott að það komi ítalska lesandanum á óvart að Helga hafði sent Bjarna bréf fyrr. Á ítölsku er eðlilegt að gefa skáldsögur í sendibréfastíl heitið „Bréf til...“ þannig að mér fannst heppilegt að nota þetta orðalag í titli bókarinnar.

3.2 Ávarp

Svar við bréfi Helgu er skáldsaga í formi langs bréfs þar sem Bjarni talar beint við Helgu og ávarpar hana oft með því að segja *Helga mín*. Á íslensku er mjög eðlilegt að ávarpa þannig einhvern sem manni þykir vænt um en orðrétt þýðing þessa ávarps myndi hljóma sérkennilega á ítölsku og þess vegna bætti ég alltaf við lýsingarorðinu *cara* (‘kæra’) í þýðingunni:

- (1) a. Helga mín (bls. 8)
- b. Mia cara Helga
- c. Mín kæra Helga

3.3 Meðferð nafna

Þýðing örnefna og eiginnafna var viðkvæmt ferli þar sem stafsetningar- og beygingarreglur eru mjög ólíkar í íslensku og ítölsku. Ég ákvað að breyta ekki stafsetningu nafna af því að mér fannst mikilvægt að sýna merki frummálsins sem stundum verða alveg augljós því sumir bókstafir eru aðeins til á íslensku. Eiginnafnið *Elga* til dæmis er til í ítölsku og samsvarar íslenska eiginnafninu *Helgu* en mér fannst þetta óþörf aðlögun og ég varðveitti þar af leiðandi nafnið *Helgu* í þýðingunni til að halda framandleika textans. Þar sem orð fallbeygjast ekki á ítölsku notaði ég auðvitað

alltaf nefnifall íslenskra örnefna og eiginnafna, þannig að *Kolkustöðum* í frumtextanum varð *Kolkustaðir* í þýðingunni.

Í *Svari við bréfi Helgu* eru nokkur staðarheiti sem eru í raun og veru samsett orð sem sýna í sjálfu sér eðli staðanna, þ.e.a.s. orðin fela í sér lýsingu á stöðunum sem erlendir lesendur geta að sjálfsgöðu ekki skilið. Aðferðin sem ég notaði var sú að taka örnefnin í nefnifalli og bæta við lýsingu á ítölsku á undan. Útkoman hljómar eins og endurtekning fyrir mig sem kann bæði tungumálin en þessi ítrekun hjálpar ítölskum lesendum að ímynda sér betur landslagið sem höfundurinn lýsir:

- (2) a. Hörgsdalur (bls. 13)
- b. Valle di Hörgsdalur
- c. Dalur Hörgsdals

- (3) a. Fell (bls. 17)
- b. Monti Fell
- c. Fell Fell

Örnefnið í dæmi (3) er ekki samsett orð en það felur í sér eðli sitt þar sem *fell* merkir ‘fjall, ekki mjög stórt, venjulega stakt (oft flatt ofan)’.¹⁸ Í þýðingunni bætti ég þá við þessum upplýsingum.

Í eftirfarandi töflu er hægt að sjá fleiri dæmi um örnefni á íslensku í frumtextanum og hvernig þau hafa verið yfurfærð á ítölsku:

Örnefni á íslensku	Örnefni á ítölsku	Merking
Framneshæð (bls. 13)	Colle di Framneshæð	Hæð Framneshæðar
Hörgárhreppur (bls. 13)	Distretto di Hörgá	Hreppur Hörgárhrepps
Mógilsbakkar (bls.17)	Pendii di Mógil	Bakkar Mógilsbakka
Blöndudalur (bls. 19)	Valle di Blöndudalur	Dalur Blöndudals

Tafla 1: Yfurfærsla íslenskra örnefna í ítölsku

¹⁸ *Íslensk orðabók* 2007:213

3.4 Orðatiltæki

„Sameiginlegt einkenni orðatiltækja er í fyrsta lagi að búningur þeirra er fastmótaður og þau eru notuð sem ein heild í málinu. Í öðru lagi svipar þeim að því leyti til einstakra orða að þau geta ekki staðið ein sér heldur krefjast þau samhengis“.¹⁹ Þau eru auðvitað erfið að þýða því þau eru nátengd menningu frummálsins. Þegar ekki hægt er að finna samsvarandi orðatiltæki í markmálinu getur þýðandinn umorðað það. Ekki er æskilegt að þýða orðatiltæki orð fyrir orð því þau hafa rætur í frummenningunni og þar að auki eru þau oft notuð í yfirfærðri merkingu þannig að orðrétt þýðing væri ekki skiljanleg fyrir lesendur marktíttans.

Í þýðingu orðatiltækja *Svars við bréfi Helgu* notaði ég tvær mismunandi aðferðir. Ég reyndi fyrst og fremst að finna samsvarandi orðatiltæki á ítölsku en þegar ég gat ekki fundið það umorðaði ég orðasambandið. Það var ekki mikið af orðatiltækjum í hluta skáldsögunnar sem ég þýddi og flest þeirra þurfti að umorða. Hér eru tvö dæmi úr frumtextanum og þýðingunni sem sýna þessar tvær aðferðir:

- (4) a. Þessar ásakanir sem *stráðu salti í sárið* (bls. 12)
b. Queste accuse che *giravano il coltello nella piaga*
c. Þessar ásakanir sem *snéru hnífnum í sárinu*

- (5) a. Það er auðvitað *seint í rass gripið* (bls. 8)
b. È ovviamente *troppo tardi*
c. Það er auðvitað *of seint*

Í dæmi (4) er orðatiltækið *strá salti í sárið* sem merkir ‘gera e-ð illt enn verra með því að ræða um það’.²⁰ Þetta orðatiltæki er ekki til á ítölsku þannig að ég þurfti að finna samsvörun: *girare il coltello nella piaga*, sem þýðir ‘snúa hnífnum í sárinu’. Samkvæmt *Merg málsins* er þetta orðatiltæki til á íslensku líka og merkir það sama og *strá salti í sárið* en það er óformlegt²¹ og ekki mikið notað. Í dæmi (5) hins vegar er orðatiltækið *grípa í rass (á deginum)*, sem þýðir ‘byrja (of) seint á einhverju’²² en það hefur ekki jafngildi á ítölsku. Ég ákvað þá að umorða það því merkingin er frekar einföld. Að þýða

¹⁹ Jón G. Friðjónsson 1993:5

²⁰ Jón G. Friðjónsson 1993:519

²¹ Jón G. Friðjónsson 1993:266

²² Jón G. Friðjónsson 1993:493

það orð fyrir orð hefði getað valdið misskilningi hjá ítölskum lesendum sem myndu líklega hugsa um einhverja kynferðislega merkingu.

Í frumtextanum fann ég einnig orðatiltæki fengið úr Hávamálum sem var mér alveg óskiljanlegt í fyrstu. Mér fannst það mjög áhugavert því þetta sýnir hversu mikið tungumálið er tengt menningu:

- (6) a. Guð einn veit hve *lítilla sanda ég var*. (bls. 16)
- b. Dio solo sa quanto *fossi diventato gretto*.
- c. Guð einn veit hversu þröngsýnn ég hafði orðið.

Vera lítilla sanda, lítilla sæva er formlegt orðatiltæki sem þýðir ‘vera lítilsigldur’, ‘vera þröngsýnn’.²³ Eins og áður sagði er það fengið úr 53. erindi Hávamála þar sem stendur „Lítilla sanda / lítilla sæva / lítil eru geð guma“, og líkingin er óljós.²⁴ Einasta leið til að gera þetta orðatiltæki skýrt fyrir ítalska lesendur var að umorða það og nota merkinguna sem ég fann í *Merg málsins*.

3.5 Menningartengd orð og tilvísanir

3.5.1 Tilvísanir í bókmenntir

Í *Svari við bréfi Helgu* vísar Bergsveinn Birgisson af og til í gömul íslensk bókmenntaverk. Þessar tilvísanir eru auðvitað óljósar fyrir ítalska lesendur og þær geta einnig verið það fyrir Íslendinga þar sem höfundurinn vísar í Íslendingasögur og fornbókmenntir sem ekki allir þekkja. Ég þurfti þar af leiðandi að finna leið til að gera tilvísanirnar skiljanlegar og ég notaði mismunandi aðferðir, eins og sýnt verður í eftirfarandi dæmum:

- (7) a. *Ellin kerling* vinnur sitt verk. (bls. 8)
- b. *La vecchiaia* porta avanti la sua opera.
- c. *Ellin* vinnur sitt verk.

²³ Jón G. Friðjónsson 1993:520

²⁴ Jón G. Friðjónsson 1993:521

Í þessu dæmi er persónugerving, ‘líkingamál þar sem fyrirbrigði utan mannlífsins er gætt mannlegum eiginleikum’²⁵, þar sem *elli* er kerling. Þessi persónugerving á rætur sínar að rekja til 46. kafla *Gylfaginningu*, annars hluta *Snorra-Eddu*, þar sem þrumuguðinn Þór glímur við kerlingu sem heitir Elli sem er í raun og veru persónugerving ellinnar.²⁶ Orðasambandið *elli kerling* er enn þá notað á íslensku en Ítalir þekkja það ekki að sjálfsögðu, þar sem *elli* er aldrei kerling (eða eitthvað annað) á ítölsku. Því þurfti ég að sleppa *kerlingu* og skrifa bara *elli* þannig að þýðingin er miklu einfaldari en frumtextinn.

- (8) a. En *komi hann sæll þá hann vill*, eins og stendur í sálminum. (bls. 8)
b. *Quando questo giorno verrà, sia esso benedetto*, come dice il salmo.
c. *Þegar þessi dagur mun koma sé hann blessaður*, eins og segir sálmurinn.

Í dæmi (8) vísar höfundurinn í sálminn „Um dauðans óvissan tíma“ eftir Hallgrím Pétursson þegar hann segir við dauða: „Kom þú sæll, þá þú vilt“.²⁷ Ítalir þekkja auðvitað ekki þennan sálm og ég gat ekki fundið svipaða tilvitnun úr Biblíunni. Því ákvað ég að þýða setninguna orð fyrir orð og bæta við neðanmálgrein þar sem ég útskýrði fyrir ítölskum lesendum hvaðan þessi tilvitnun er og hver Hallgrímur Pétursson var. Mér fannst rétta aðferðin að bæta við neðanmálgrein því að mínu mati gæti það verið fróðlegt fyrir lesendur að læra svolítið um íslenska menningu og bókmenntir um leið og þeir njóta lestrarins, eins og nefnt var í kafla 2.3 þar sem valinu á þýðingaradferðum var lýst.

- (9) a. Já, kom ekki *Hallgerður* upp í henni. (bls. 12)
b. Sì, era come se fosse stata affetta dal *morbo di Hallgerður*.
c. Já, það var eins og hún hefði smitast af *Hallgerðarveiki*.

Að lokum er dæmi þar sem Bergsveinn Birgisson segir að Hallgerður langbrók, eiginkona Gunnars á Hlíðarenda úr *Njáls sögu*, hafi komið upp í Unni sem þýðir að Unnur hafði orðið beisk og þrjósk líkt og Hallgerður eins og margir Íslendingar vita því *Njála* er ein frægasta Íslendingasagan. En Ítalir þekkja ekki *Njálu* og ég þurfti að finna

²⁵ *Íslensk orðabók* 2007:753

²⁶ Sölvi Sveinsson 2011:218

²⁷ *Ormurinn langi* 2014:226

góða leið til að yfirfæra þessa setningu. Ég ákvað þá að segja að Unnur hafi smitast af *Hallgerðarveiki*, til þess að Ítalir geti skilið að það sé frekar neikvætt að vera eins og Hallgerður, og að bæta við neðanmálgrein þar sem ég útskýrði hver Hallgerður langbrók var og gaf nokkrar grunnupplýsingar um Íslendingasögur.

3.5.2 Séríslensk orð

Í frumtextanum eru nokkrar skírskotanir til íslenskrar menningu sem markhópurinn myndi ekki skilja því íslensk menning er ekki sérstaklega þekkt víða um heim. Ég þurfti þá að breyta öllu því sem gæti verið óskýrt fyrir Ítali og umorða það því oftast vantar jafngilt orð á ítölsku, eins og sýnt verður í eftirfarandi dæmum:

- (10) a. Kolkustöðum, á *höfuðdegi* 1997 (bls. 7)
- b. Kolkustaðir, *29 agosto* 1997
- c. Kolkustaðir, *29 ágúst* 1997

Þar sem skáldsagan er eins og bréf byrjar hún með þessari dagsetningu. Í bókinni *Sögu daganna* stendur þessi lýsing á höfuðdegi: „Höfuðdagur er 29. ágúst. Þá er þess minnst að Jóhannes skírari var hálshöggvinn. . . . Sú þjóðtrú var almenn að veður breytist um höfuðdag og eigi það veðurlag að haldast í þrjár vikur, eða lengur“.²⁸ Ég hafði aldrei heyrt um þennan dag áður en ég las bókina því hann er ekki til á Ítalíu og þar af leiðandi vantar jafngilt orð í ítölsku. Ég þurfti þá að skrifa dagsetninguna sem samsvarar höfuðdegi í staðinn, án punkts eftir 29 eins og er venja í ítölsku.

- (11) a. Hallgrímur dó á *útmánuðum* (bls. 9)
- b. Hallgrímur è morto alla *fine dell'inverno*
- c. Hallgrímur dó í *lok vetrarins*

Útmánuðir eru ‘tveir til þrír seinustu mánuðir vetrar (einkum góa og einmánuður)’.²⁹ Þetta er samkvæmt gamla íslenska tímatalinu og jafngilt orð vantar á ítölsku og því þurfti ég að umorða og segja *í lok vetrarins* í staðinn eins og sést í dæmi (11).

²⁸ Árni Björnsson 1995:233

²⁹ *Íslensk orðabók* 2007:1113

- (12) a. Þú hysjaðir upp *lopapeysuna* (bls. 13)
b. Tu ti tiravi su il *maglione di lana*
c. Þú hysjaðir upp *ullarpeysuna*

Lopapeysa er ‘peisa úr vélunnum lopa, oft með útprjónuðum tvíbanda munsturbekk’.³⁰ Heitið er að sjálfsögðu séríslenskt orð og jafngilt orð vantar á ítölsku. Lopapeysa er samt orðin svolítið þekkt núna því ferðamenn sem koma til Íslands og kaupa sér hana eru margir en til að vera viss að allir lesendur skilji þýðinguna talaði ég almennt um *ullarpeysu*.

- (13) a. Mín *skyrhvítu* læri (bls. 13)
b. Le mie cosce *bianche come il latte*
c. Mín læri *hvít eins og mjólk*

Eins og *lopapeysa* í dæmi (12) er *skyr* séríslenskt orð sem merkir ‘algengur íslenskur matur úr mjólk (undanrennu) sem hefur verið flóuð og hleypt með sérstökum gerlum og hleypi sem hvata’.³¹ Hægt er að kaupa skyr einnig á Ítalíu núna og heitinu hefur ekki verið breytt, það heitir eins á ítölsku, en skyr er samt ekki orðið almennt þekkt enn þá í mínu heimalandi. Þessi myndhverfing yrði óljós bæði fyrir lesendur sem þekkja skyr og þá sem gera það ekki, þar af leiðandi ákvað ég að nota í staðinn viðlíkingu sem er mjög algeng í mínu tungumáli: *vera hvítur eins og mjólk*.

3.5.3 Orðaforði um fé og sveitalíf

Eins og nefnt var í fyrsta kafla notar Bergsveinn Birgisson gamalt orðafar sem tengist sveitalífinu og nákvæm hugtök til að lýsa fé. Þetta var kannski stærsta áskorunin í þýðingarferlinu því lítið vissi ég um fé og sveitalíf og erfitt var að finna þessi orð í íslensk-ítölsku orðabókinni. Franska þýðingin var mjög gagnleg í þessu tilfelli því hún hjálpaði mér að skilja betur sum orð og það var einnig auðveldara að finna merkingu orða í fransk-ítölsku orðabókinni. Hér á eftir verða sýnd nokkur dæmi um orðafar sem erfitt var að þýða því jafngild orð vantaði og sem oftast þarfnaðist því umorðunar:

³⁰ *Íslensk orðabók* 2007:621

³¹ *Íslensk orðabók* 2007:911

- (14)
- a. af fiskiránnum svignandi undan grásleppu og signum fiski (bls. 10)
 - b. delle rastrelliere incurvate sotto il peso dei lompi e del pesce essiccato
 - c. af grindunum svignandi undan þyngd grásleppa og þurrkaða fisksins

Það tók mig langan tíma að þýða þennan stutta setningabút. Ég þurfti að spyrja nokkra Ítali sem þekkja sjávarútveg til þess að finna orð á ítölsku fyrir *fiskirá* af því að það er ekki hægt að finna það í íslensk-ítölsku orðabókinni (orðið *rá*, sem á íslensku merkir meðal annars ‘slá sem fiskur er hengdur á til þurrkunar, herslu’³², er til í íslensk-ítölsku orðabókinni en þýðingin er mjög ónákvæm). Grásleppa er fiskur sem er ekki sérstaklega þekktur á Ítalíu, þess vegna ákvað ég að bæta við neðanmálgrein þar sem ég útskýrði fyrir lesendum hvernig fiskur er þessi. Þar að auki vantar jafngilt orð fyrir *siginn fisk* á ítölsku, sem er ‘upphengdur fiskur, vindþurrkaður fiskur, þó ekki þurr í gegn’.³³ Þá ákvað ég að skrifa *þurrkaðan fisk* eftir að hafa reynt að skilja hvað siginn fiskur var því ég hafði aldrei heyrt um hann.

- (15)
- a. af dúntekju (bls. 10)
 - b. della raccolta del piumino di edredone
 - c. af tekju dúns æðar

Dúntekja er ekki þekkt fyrirbæri á Ítalíu. Hér átti höfundurinn við æðardúntekju og því ákvað ég að bæta þeim upplýsingum við í þýðingunni og einnig neðanmálgrein þar sem ég útskýrði fyrir ítölskum lesendum hvernig fugl æðarfuglinn er því hann er ekki þekktur á Ítalíu.

- (16)
- a. forðagæslumaður (bls. 13)
 - b. controllore delle scorte invernali di fieno
 - c. eftirlitsmaður vetrarforða heys

Samkvæmt *Íslenskri orðabók þýðir forðagæsla* ‘eftirlit með (vetrar)forða, heybirgðum’.³⁴ Allar þessar upplýsingar eru í einu samsettu orði í íslensku og jafngilt

³² *Íslensk orðabók* 2007:777

³³ *Íslensk orðabók* 2007:855

³⁴ *Íslensk orðabók* 2007:248

orð er ekki til í ítölsku þannig að ég þurfti að umorða það og þýðingin varð miklu lengri en það sem stendur í frumtextanum.

- (17) a. sigmenn (bls. 18)
b. raccoglitori di uova di uccelli marini
c. þeir sem tína egg sjávarfugla

Sigmaður merkir ‘maður sem sígur í bjarg eftir fugli eða eggjum’³⁵, þar sem orðalagið *síga í bjarg* þýðir ‘renna sér í festi niður bjarg’.³⁶ Orðið *sigmaður* felur þá í sér allar þessar upplýsingar og afar erfitt var að finna leið til að yfirfæra þetta orð yfir á ítölsku því þetta hugtak er alls ekki til. Ég ákvað að umorða það og tala um menn sem tína egg sjávarfugla og útskýra í neðanmálgrein að þessir menn renna sér í festi niður bjarg til þess að finna egg.

- (18) a. í júgrinu frákonumegin (bls. 20)
b. nella parte sinistra della mammella
c. vinstra megin í júgrinu

Frákonumegin merkir ‘við vinstri hlið mjólkurkúr (þeim megin sem mjaltakonan situr ekki)’.³⁷ Þetta er mjög nákvæmt orð til að lýsa þeirri hlið sem sá sem mjólkur kýrnar situr ekki við og það hefur ekki jafngildi á ítölsku, þar af leiðandi ákvað ég að einfalda það og tala bara almennt um vinstra megin.

Fé skiptir miklu máli í *Svari við bréfi Helgu* og þegar Bergsveinn Birgisson talar um það notar hann sérstakan orðaforða. Ítölsku vantar þessa fjölbreytni málfars, eða kannski hefði ég átt að tala við ítalska smala til að finna jafngild orð. Ég lærði þá að *gemlingur* og *dilkur* eru önnur heiti yfir *lamb* sem hafa líka í sér skírskotun til aldurs, að *brundhrútur* er ‘hrútur notaður til undaneldis’³⁸ og að *lagðprútt fé* er ‘með fallega ull’.³⁹

Í öðrum kafla bókarinnar lýsir höfundurinn fjármörkum Bjarna og Helgu. Mark er ‘(skorið) einkenni, einkum á eyrum (hornum) búpenings’⁴⁰:

³⁵ Íslensk orðabók 2007:849

³⁶ Íslensk orðabók 2007:855

³⁷ Íslensk orðabók 2007:262

³⁸ Íslensk orðabók 2007:121

³⁹ Íslensk orðabók 2007:572

⁴⁰ Íslensk orðabók 2007:644

- (19) a. Ég hefði rifjað upp markið þitt, *hvatt, sýlt* og *gagnbitað* og þú hefðir spurt mig hvernig mitt var aftur, *tvístýft framan vinstra, sýlt og biti framan hægra*. (bls. 13)
- b. Avrei richiamato alla mente il marchio alle orecchie delle tue pecore, che consisteva nelle *stesse tacche su entrambe le orecchie*, e tu avresti chiesto come fosse già il mio, *una sola tacca all'orecchio sinistro e due al destro*.
- c. Ég hefði rifjað upp eyrnamark kindanna þinna, sem samanstóð af *sama bitum á báðum eyrunum*, og þú hefðir spurt hvernig mitt var aftur, *bara eitt bit á vinstra eyranu og tvö á hægra*.

